

nefndur af ráðherra þeim, sem með póstmál fer, og er hann formaður nefndar- 37  
innar. Þessi nefnd skal þá einnig setja nánari reglur, sem tryggja það að styrkurinn 1. apríl  
komi að tilætluðum notum.

Reykjavík, 22. marz 1954.

F. h. Málfundafélags bréfbæra í Reykjavík  
Gunnar Einarsson. Kristinn Árnason. Sigurður Heiðberg.

## AUGLÝSING

38

5. apríl

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 60 4. maí 1951.

Staflíðir B og D í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

### B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem  
ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, eða  
stærri en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

### D. Til hitunar.

Um kwst.mæli á:

1.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
2.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
3.	9.5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
4.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—
5.	26	—	—	—	—	—	—	án	rofs.			

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum  
tíma, en miðast hér við kolaverðið kr. 420.00 hvert tonn heimkeyrt.

### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnokkunar) að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagningarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 5. apríl 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*